

# Safnaðarblað Glerárkirkju

2. tbl. 24. árg.

September 2009



## Sumar minningar

Hópur ungmenna frá Glerárkirkju tók þátt í skemmtilegu verkefni í Póllandi nú í ágúst. Í samfélagi við ungt fólk frá Póllandi, Frakklandi, Þýskalandi og Spáni dvöldu þau við leik og störf í litlu þorpi í suðurhluta landsins. Þeim sem hitta þessa þátttakendur á förnum vegi dylst ekki að þau voru ánægð með þessa ferð, því hverri frásögn fylgir sterkt ánægjubros. Það er dýrmætt að eiga góðar minningar. Sumar minningar fylgja okkur um árabil, jafnvel ævilangt. Þær geta hlýjað okkur á köldum vetrarkvöldum, kallað fram bros á erfiðum stundum og jafnvel skipt sköpum þegar á reynir.

Það getur verið nokkur vinna fólgin í því að skapa minningar. Sérhver ferð þarfnast einhvers skipulags, ef halda á veislu þykir oft heppilegt að bjóða gestum til hennar og kvöldverður hjónakorna við kertaljós byggir á undirbúningi. Aðrar minningar verða til án undirbúnings en verða þó oftar en ekki til í samfélagi við Guð og menn.

Kirkjan er samfélag. Í Glerárkirkju hittast ýmsir hópar fólks, foreldrar eiga ánægjustundir með ungbörnum á foreldramorgnum, eldri borgarar gleðja hverjir aðra á samverum í safnaðarsalnum, sönggláðir einstaklingar á öllum aldri stunda kórastarf kirkjunnar af ákefð,

í sunnudagaskólanum og helgihaldi kirkjunnar gefst tækifæri til að lofa Drottin og heyra hvað hann hefur að segja, barna- og unglingastarf kirkjunnar er fjölbreytt og gefur hinum unga einstaklingi tækifæri til að blómstra í félagsskap jafnaldra og í fullorðinsfræðslu sem og á 12 spora samverum í kirkjunni fá þeir sem þangað sækja einstakt tækifæri til að þroskast og hugleiða eigið líf og tilveruna alla.

Það samfélag sem kirkjan er, byggir á því að fólk taki höndum saman, fullorðnir taki sér tíma til að sækja kirkjuna sína til að eiga stund með sjálfum sér og sínum frammi fyrir Guði. Byggingin sjálf er lítils virði ef hún stendur tóm. Við í Glerárkirkju höfum átt því láni að fagna að eiga marga vini sem sækja kirkjuna, sjá helgihaldið sem hluta af lífstaktinum og senda börnin sín í tómstundastarf og kóra, taka þátt í því sem boðið er upp á og láta sig ekki vanta ásamt allri fjölskyldunni á stórhátíðum kirkjunnar. Það er von okkar í Glerárkirkju að það verði áfram þannig og fögnum því að mega taka á móti þér og þínum í Glerárkirkju nú á haustdögum.

*Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni.*

**Jesús segir: Komid til mín, öll þér sem erfiðid og þunga eruð blaðin, og ég mun veita yður hvíld.** (Matteusarguðspjall 11:28)



## Fjölbreytt starf fyrir börn og unglinga

Glerárkirkja stendur fyrir vönduðu og fjölbreyttu starfi fyrir börn og unglinga á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri, bæði í kirkjunni sjálfri sem og í samstarfi við KFUM og KFUK á Akureyri, Akureyrarkirkju, ÆSKEY, ÆSKP og fleiri. Yfirlit yfir helstu starfsþætti er að finna í vikudagskránni hér í opnunni auk þess sem starfið er auglýst á vef kirkjunnar [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is) Yfirumsjón með öllu barna- og unglingastarfi hefur Pétur Björgvin Þorsteinson, djákni og gefur hann nánari upplýsingar í síma 864 8451 eða á [petur@glerarkirkja.is](mailto:petur@glerarkirkja.is)

## Þrjár kórar fyrir börn og unglinga

Á vegum Glerárkirkju eru starfandi þrjár kórar fyrir börn og unglinga, Barnakór Glerárkirkju sem æfir á mánudögum kl. 15:30, Æskulýðskór Glerárkirkju sem æfir á mánudögum kl. 16:30 og Drengjakór Glerárkirkju sem æfir á þriðjudögum kl. 15:00. Kórstjórar eru Hjördís Eva Ólafsdóttir (barnakór) og Valmar Völjaots (æskulýðskór og drengjakór) og starfa þau í nánú samstarfi við Hjört Steinbergsson organista kirkjunnar. Nánari upplýsingar er að finna á vef kirkjunnar.

## Hjónanámskeið í Glerárkirkju 16. og 23. október

**GOTT BETRA** nefnist námskeið fyrir hjón og sambýlissólk sem fjallar um tjáningu, hlustun og samskipti. Leiðbeinendur verða hjónin Sigríður Halldórsdóttir prófessor og sr. Gunnlaugur Garðarsson. Skráning er á skrifstofu prófastsdæmisins virka daga milli 10:00 og 12:00 í síma 462 6702.

## Samverur eldri borgara

Munið samverur eldri borgara í Glerárkirkju klukkan þrjú síðdegis á eftirfarandi fimmtudögum:

24. september / 8. október /  
22. október / 12. nóvember /  
26. nóvember / 10. desember

## Vikan í Glerárkirkju

- Fylgist með auglýsingum á heimasíðu kirkjunnar [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is) og í Dagskránni -

### Mánudagar

15:30 Æfingar Barnakórs Glerárkirkju (2. til 5. bekkur)  
16:30 Æfingar Æskulýðskórs Glerárkirkju (6. bekkur og eldri)  
16:30 Kirkjuskólinn (1. til 4. bekkur)  
18:00 Vinir í bata  
19:00 Fjölvítamín (14 til 17 ára / aðra hvora viku hjá KFUM og KFUK Sunnuhlíð)  
19:30 12 spora fundir

### Þriðjudagar

15:00 Æfingar Drengjakórs Glerárkirkju (4. til 7. bekkur)  
17:00 TTT-klúbburinn (5. til 7. bekkur)  
18:00 Glerbrot (8. til 10. bekkur)  
20:00 Æfingar Kórs Glerárkirkju  
20:00 Alfa námskeið hjá KFUM og KFUK Sunnuhlíð)

### Miðvikudagar

12:00 Hádegissamverur  
19:00 Kvikmyndafræðsluvöld Glerárkirkju og Eyjafjarðarprófastsdæmis (hefst 30. september)

21:00 Fundir á vegum AA-samtakanna

### Fimmtudagar

10:00 Foreldramorgnar  
15:00 Samverur eldri borgara (sjá auglýsingu um dagsetningar)  
16:00 Farskóli leiðtogaefna (hefst 24. september í Akureyrarkirkju)  
19:00 / 20:00 Föndurkvöld kvenfélagsins Baldursbrá/ Félagsfundir

### Föstudagar

19:30 KNS (Framhaldsskólaaldurinn, hjá KFUM og KFUK í Sunnuhlíð)

### Laugardagar

10:30 Fundir á vegum GA-samtakanna (Gamblers Anonymous)

### Sunnudagar:

Sjá auglýsingu um helgihald á bakhlíð

**Fermingarfræðslan** hefst í þriðju viku septembermánaðar og fá fermingarbörn fljótlega bréf þess efnis frá prestum kirkjunnar.



Fermingarbörn tóku virkan þátt í helgihaldi Glerárkirkju síðasta vetur.

## Kvenfélagið Baldursbrá

Kvenfélagið Baldursbrá sem fagnar 90 ára afmæli sínu á þessu ári, fer nú að hefja sína árlegu vetrarstarfsemi. Fundir verða í Glerárkirkjusalnum, niðri, þriðja fimmtudag í hverjum mánuði en hina fimmtudagana hittast konurnar líka með handavinnu og spjalla og gleðjast saman. Það eru allar konur hjartanlega velkomnar og væri gaman að fá fleiri til liðs við félagið.

Á afmælisdaginn 8. júní s.l. buðu félagskonur mökum, styrktarfélögum og fleiri gestum í heimikla afmælisveislu í safnaðarsal Glerárkirkju. Hátíðin byrjaði í kvenfélagsreitnum við Skarðshlíð þar sem afhjúpað var minnismerki um garðinn. Nánari upplýsingar um félagið og starfsemi þess fást hjá formanni, Snjólaugu Ósk Adalsteinsdóttur, sími 462-1509 / netfang: [snjolaugosk@simnet.is](mailto:snjolaugosk@simnet.is)





Hópur úr Glerárkirkju heimsótti útrýmingarbúðirnar í Auschwitz-Birkenau í sumar. Frásögn af þeirri ferð verður á fræðslukvöldi í Glerárkirkju miðvikudagskvöldið 26. október kl. 20:00.

## Kvikmyndir og trú: Nýtt námskeið hefst 30. september

Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar voru veitt í fyrsta sinn á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík árið 2006. Þau eru veitt vandaðri kvikmynd sem fjallar um tilvistar-, síðferðis-, eða trúarlegar spurningar. Árið 2006 hlaut kvikmyndin *Fjórar mínútur* eftir Chris Kraus verðlaunin, 2007 var það *Listin að gráta í kór* eftir Peter Schönau Fog og árið 2008 *Snjór* eftir Aida Begic. Þessar kvikmyndir verða sýndar og fjallað um þær á fræðslukvöldum um kvik-

myndir og trú sem hefjast 30. september með erindi sr. Árna Svans Danielsenar um trúarleg stef í kvikmyndum. Alls er um fjögur miðvikudagskvöld að ræða og hefst dagskráin hvert kvöld kl. 19:00. Boðið er upp á gos og popp og fólk á öllum aldri hvatt til þátttöku. Þátttökugjald er ekkert, en tekið er á móti frjálsum framlögum. Þetta námskeið er samstarfsverkefni Eyjafjarðarprófastsdæmis og Glerárkirkju.

Í nóvember taka svo bókmennta-

kvöld við. Þeim sem vilja undirbúa sig fyrir þau er bent á að lesa *Sjálfsstaett fólk* eftir Halldór Kiljan Laxness, kynna sér japönsku ljóðsöguna *Uxinn og birðirinn* sem birtist í Nafnlausu bókinni 1974 og lesa bókina *Himnaríki og belvíti* sem kom út fyrir nokkrum árum.

## 12 spora fundir – Mannrækt öllum opin

Þann 14. september næstkomandi verður fyrsti Vinir í Bata fundurinn haustsins í Glerárkirkju en sá hópur mun hittast kl. 18:00 á mánudögum í kirkjunni undir forystu Oktavíu Ólafsdóttur. Allir sem hafa farið amk einu sinni í gegnum tólf sporin eru velkomnir á þann fund. Sama kvöld kl. 19:30 er svo fyrsti kynningarfundur fyrir 12 spora starfið í vetur.

Að sögn sjálfboðaliðanna sem mynda forystusveitina í vetur, þeirra Önnu, Oktavíu og Heiðrúnar, er hér um þrusu góða mannrækt að ræða þar sem sjálfskoðun, sálfræðipælingar og það að hlusta á aðra er sett í fyrsta sæti. Ásamt sjálfboðaliðunum mun sr. Arnaldur koma að 12 spora starfinu í vetur.

**Athugið** að síðasti opni fundurinn er 5. október en á þeim fundi verða nærhópar vetrarins endanlega myndaðir og ekki hægt að bætast við eftir það! Nánar má fræðast um starfið á Íslandi á: <http://viniribata.is/> og um starfið í Glerárkirkju á [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is)

## Kór Glerárkirkju

Nú er Kór Glerárkirkju að hefja vetrarstarfið aftur eftir sumarfrí. Starfið hefur verið fjölbreytt og verður svo áfram. Kórinn æfir á þriðjudagskvöldum kl. 20 - 22.

Á haustdögum á síðastliðnu starfsári brá kórinn sér í æfingabúðir að Löngumýri í Skagafirði og æfði jólalögin. Jólátónleikar voru síðan haldnir í Glerárkirkju 21. desember í samvinnu við Kirkjukór Laugalandsprestakalls. Á skírdag flutti kórinn svo Glóriu eftir Antonio Vivaldi í Glerárkirkju ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Vortónleikar okkar voru 9. maí í Glerárkirkju og 16. maí í Safnaðarheimilinu Vínarminni á Akranesi í samstarfi við Kór Akraneskirkju. Einnig brugðum við okkur um borð í skemmtiferðaskipið „Spirit

of Adventure“ eitt sumarkvöld í júnibyrjun og fluttum þar klukkustundar langa söngdagskrá við góðar undirtektir.

Á komandi starfsári er m.a. áætlað að kórinn taki þátt í kóramóti á vegum söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar sem haldið verður hér á Akureyri dagana 9. - 11. október, haldi sína árvissu jóla- og vortónleika auk þess sem haldið verður aftur í æfingabúðir að Löngumýri í febrúar/mars en það var samdóma álit

kórfélaga að þar hefði verið ákaflega gott að vera. Á fimmtudagskvöldum í september og október verður boðið upp á stutt námskeið í grunnatriðum nótnalestrar.


Ef þú hefur áhuga á að vera með okkur í vetur í skemmtilegu starfi og hefur gaman af því að syngja, hvetjum við þig að hafa samband við stjórnanda kórsins, Hjört Steinbergsson, í síma 862 2316 eða á [hjortur@glararkirkja.is](mailto:hjortur@glararkirkja.is).

## Foreldramorgnar

Ert þú heima fyrir hádegi með ungt barn? Þá er tilvalið að koma á foreldramorgun í kirkjuna, kynnast öðrum foreldrum og hjálpa barninu að taka sín fyrstu skref í leik við jafnaldra sína. *Foreldramorgnar eru á fimmtudögum kl. 10:00 - 12:00 í safnaðarsal kirkjunnar.*



# Helgihald í Glerárkirkju á haustdögum 2009



## September

### Sunnudagur 13. september

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

### Miðvikudagur 16. September

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

### Sunnudagur 20. september

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

★ Kvöldguðsþjónusta kl. 20:30.

### Miðvikudagur 23. september

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

### Sunnudagur 27. september

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

★ Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13:00.

### Miðvikudagur 30. september

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

## Október

### Sunnudagur 4. október

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

★ Kvöldguðsþjónusta kl. 20:30.

### Miðvikudagur 7. október

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

### Sunnudagur 11. október

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

★ Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13:00.

### Miðvikudagur 14. október

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

### Sunnudagur 18. október

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

★ Kvöldguðsþjónusta kl. 20:30.

### Miðvikudagur 21. október

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

### Sunnudagur 25. október

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

★ Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13:00.

### Miðvikudagur 28. október

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

## Nóvember

### Sunnudagur 1. nóvember

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

★ Kvöldguðsþjónusta kl. 20:30.

### Miðvikudagur 4. nóvember

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

### Sunnudagur 8. nóvember

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

★ Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13:00.

### Miðvikudagur 11. nóvember

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

### Sunnudagur 15. nóvember

★ Barnastarf í safnaðarsal kl. 11:00.

★ ATH: Messa í Lögmannsbliðarkirkju kl. 14:00.

### Miðvikudagur 18. nóvember

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

### Sunnudagur 22. nóvember

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

★ Kvöldguðsþjónusta kl. 20:30.

### Miðvikudagur 25. nóvember

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

### Sunnudagur 29. nóvember - fyrsti sunnudagur í adventu

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

★ Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13:00.

### Miðvikudagur 2. desember

★ Hádegissamvera kl. 12:00.

### Sunnudagur 6. desember - annar sunnudagur í adventu

★ Barnastarf og messa kl. 11:00. Sameiginlegt upphaf.

★ Aðventukvöld kl. 20:30.

## Glerárkirkja

### Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: Í kirkju 464 8808, heima 462 7676 og GSM 864 8455. Netfang: [gunnlaugur@glararkirkja.is](mailto:gunnlaugur@glararkirkja.is)

### Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalstímar í kirkjunni mánudaga til fimmtudaga kl. 13:00-14:00 og eftir samkomulagi. Símar: Í kirkju 464 8802, heima 462 6605 og GSM 864 8456. Netfang: [arnaldur@glararkirkja.is](mailto:arnaldur@glararkirkja.is)

### Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: Í kirkju 464 8807 og GSM 864 8451. Netfang: [petur@glararkirkja.is](mailto:petur@glararkirkja.is)

## Starfsfólk Glerárkirkju

Umsjónarmaður er Sverrir Pálmason. Hann er við daglega kl. 11:00-16:00. Símar: Í kirkju 464 8803, heima 462 2491 og GSM 864 8453. Netfang: [sverrir@glararkirkja.is](mailto:sverrir@glararkirkja.is)

Organisti er Hjörtur Steinbergsson. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: Í kirkju 464 8804 og GSM 862 2316. Netfang: [hjortur@glararkirkja.is](mailto:hjortur@glararkirkja.is)

Tónlistarmaður er Valmar Völjaots. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: Í kirkju 464 8804 og GSM 849 2949. Netfang: [valmar@glararkirkja.is](mailto:valmar@glararkirkja.is)

Kirkjuverðir eru Sigríður Albertsdóttir GSM 847 9025 og Jón Oddgeir Guðmundsson GSM 894 4301.

Umsjón með eldhúsi hefur Sigurrós Anna Gísladóttir GSM 848 6440

Upplýsingar um annað starfsfólk kirkjunnar er að finna á [www.glararkirkja.is](http://www.glararkirkja.is)

Glerárkirkja: Sími 464 8800 • [www.glararkirkja.is](http://www.glararkirkja.is) • Fax: 464 8809 • [glararkirkja@glararkirkja.is](mailto:glararkirkja@glararkirkja.is)



Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: -ghs • Texti: Pétur Björgvin Þorsteinsson • Prentun: Ásprent